




Námskrá

fyrir sérstakt námskeið
vegna sviptingar ökuréttinda

Akstur, áfengi, fíkniefni og
aðrir áhættuþættir í umferðinni



Samgöngustofa 

Nóvember
2019



SAMGÖNGU-OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Samgöngustofa
Þuríður Berglind Ægisdóttir, fagstjóri ökunáms
Ármúla 2
108 Reykjavík

Reykjavík 27. janúar 2020
Tílv.: SRN20010031/3.15.4

Hjálögð námskrá Samgöngustofu fyrir námskeiðið "Akstur, áfengi, fíkniefni og aðrir áhættuþættir í umferðinni", dagsett í nóvember 2019, er hér með staðfest.

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Ingi Jóhannsson'. The signature is stylized and cursive.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR.....	4
2	SKIPULAG NÁMS	4
2.1	Markmið	5
2.2	Námsþættir	5
2.3	Tilhögun námskeiðs og fjöldi kennslustunda	6
2.4	Hlutverk og skyldur leiðbeinanda og námskeiðshaldara	6
2.5	Kennsluaðferðir.....	6
2.6	Námsmat.....	7
3	EFNISTÖK	7
3.1	Ölvunar og/eða fíkniefna akstur-ökuréttindi-ábyrgð-lög og reglur	7
3.2	Aðrir áhættuþættir í akstri	9

1 Inngangur

Námskrá þessi er sett af Samgöngustofu og staðfest af samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og kveður á um markmið og fyrirkomulag námskeiðsins „Námskeið vegna áfengis, fíkniefna og annarra áhættuþátta í umferðinni“

Í námskránni er fjallað um skipulag, markmið, námsþætti, tilhögun náms, hlutverk og skyldur leiðbeinanda og ökuskóla, kennsluaðferðir og hugmyndafræði, námsmat og efnistöð námskeiðsins.

Námskráin byggir á umferðarlögum nr. 77/2019 en þar segir að ökumenn skulu sækja námskeið á vegum Samgöngustofu sem sviptir eru ökuréttindum vegna aksturs undir áhrifum áfengis eða ávana og fíkniefna í annað sinn, vegna fjölda punkta samkvæmt punktakerfi eða lengur en 12 mánuði.

Akstri fylgir ábyrgð sem ökumenn þurfa að standa undir. Náminu er ætlað að tryggja aukið öryggi í umferðinni fyrir ökumann, farþega og aðra vegfarendur.

2 Skipulag náms

Nemar skulu ætíð vera upplýstir um innihald námskeiðsins. Kynna skal markmið og tilgang þess og einstaka námsþætti áður en kennsla hefst fyrir nema og í lok námskeiðs skal dregið saman og rífað upp efni námskeiðsins.

2.1 Markmið

Markmið með námskeiðinu er að:

- stuðla að bættri hegðun ökumanns sem sviptur hefur verið ökuréttindum vegna aksturs undir áhrifum áfengis, lyfja, ávana- eða fíkniefna eða annarra brota
- ökumaðurinn sé meðvitaður um afleiðingar aksturs undir áhrifum áfengis, lyfja og ávana- eða fíkniefna
- ökumaðurinn læri að þekkja þær takmarkanir á hæfni og getu sem misnotkun ávana og fíkniefna hefur í för með sér og kunni að forðast þær
- ökumaðurinn þekki ákvæði laga og reglna um akstur
- ökumaðurinn verði meðvitaður um ýmsar hættur í umferðinni og geti stjórnað ökutæki með fullri árvekni og af ábyrgð og tillitssemi við aðra vegfarendur.

Stefna skal að því að ná þessum markmiðum með því að neminn stundi nám um akstur, áfengi, vímuefni og aðra áhættuþætti áður en hann gengst undir ökupróf að nýju.

Nálgunin á að stuðla að því að fá ábyrgari ökumenn út í umferðina að námskeiði loknu.

2.2 Námsþættir

Kennslan á að vera einstaklingsmiðuð. Forsendur og aldur þátttakenda er mismunandi og verður að taka mið af því og skipuleggja kennsluáðferðir og kennsluefni í samræmi við það.

Námið skiptist í eftirtalda námsþætti:

- um námskeiðið – ökumaðurinn – akstur undri áhrifum
- áfengi - vímuefni – misnotkun – afleiðingar
- lög og reglur - ökuréttindi – áhætta – ábyrgð
- áhættuþættir í umferðinni

Hverjum námsþætti er skipt í undirmarkmið sem lýsa hvaða viðhorfsbreytingum skal stefnt að í þekkingu, viðhorfum og hegðun ökumannsins.

Samgöngustofa – námskrá fyrir námskeið um akstur, áfengi, fíkniefni og aðra áhættuþætti í umferðinni

2.3 *Tilhögun námskeiðs og fjöldi kennslustunda*

Fjöldi kennslustunda eru sex talsins. Kennslu skal skipuleggja í tveimur lotum þ.e. þrjár kennslustundir í senn með viku millibili að jafnaði. Hver kennslustund skal vera 45 mínútur.

Fjöldi nemenda á námskeiði eru sex og að hámarki 12 talsins svo mögulegt sé að nálgast efnið á einstaklingsmiðaðan hátt.

Æskilegt er að nemendur vinni með það efni sem fjallað er um á námskeiðinu milli lota.

Upplýsingar um viðveru hvers einstaks nema skulu sérstaklega skráðar af námskeiðshaldara.

2.4 *Hlutverk og skyldur leiðbeinanda og námskeiðshaldara*

Námskeið skulu fara fram á vegum ökuskóla er fengið hafa starfsleyfi Samgöngustofu s.b. 63. gr umferðarlaga nr. 77/2019. Þau skulu haldin af sérhæfðum leiðbeinendum á vegum ökuskóla með starfsleyfi sem Samgöngustofa samþykkir. Leiðbeinendur á námskeiðum skulu hafa þekkingu á því efni sem fram kemur í námskrá og menntun á sviði ökukennslu, sálfræði uppeldis eða kennslufræði, umferðaröryggis eða aðra sambærilega menntun.

Samgöngustofa hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd námskeiða og að loknu hverju námskeiði skal námskeiðshaldari upplýsa Samgöngustofu um þá er lokið hafa námi. Tilkynna skal til Samgöngustofu væntanlegt námskeið með viku fyrirvara.

2.5 *Kennsluaðferðir*

Kennsluaðferðir, námsgögn og kennslutækni skal beinast að því að styðja einstaklinginn í því að auka jákvætt viðmót gagnvart umferðaröryggi og samskiptum vegfarenda almennt. Með fræðslunni skal miða að því að fá

Samgöngustofa – námskrá fyrir námskeið um akstur, áfengi, fíkniefni og aðra áhættuþætti í umferðinni

einstaklinginn til að líta í eigin barm, skiptast á skoðunum, fræðast og endurskoða viðhorf sitt til áhættuþátta í umferðinni.

Kennari leggur sig fram um að skapa jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft í kennslunni. Kennari skal ætíð vinna að því að byggja upp gagnkvæmt traust og virðingu.

Miða skal við að

- kennt sé á grundvelli samþykkrar kennsluáætlunar og hún endurskoðuð reglulega
- í upphafi kennslulotu er kynnt það efni sem farið er yfir
- í lok kennslulotu skal dregið saman í meginatriðum það efni sem farið var yfir
- skapa jákvætt andrúmsloft og umræður eftir því sem við á
- þróa og nota vandað kennsluefni
- nota fjölbreytta og virka kennsluhætti

2.6 Námsmat

Til að nemi ljúki námskeiði með fullnægjandi árangri skal hann sækja allar kennslustundir námskeiðsins og sýna virkni eftir því sem við á.

Ekki er um eiginlegt próf að ræða í lok námskeiðs.

Námskeiðshaldari skal afhenda þeim er lokið hafa námskeiðinu vottorð um þátttöku.

3 Efnistöð

3.1 Ölvunar- og/eða fíkniefna. Akstur-ökuréttindi-ábyrgð-lög og reglur

Markmiðið er að nema.

- viti til hvers er ætlast með námskeiði um akstur og áfengi, vímuefni og aðra áhættuþætti í umferðinni. Hvað sé kennt og hvaða reglur gildi um þátttöku

-
- þekki almenn atriði um áfengis og/eða fíkniefna akstur og afleiðingar hans
 - þekki ákvæði laga og reglna um ölvunar og/eða fíkniefna akstur
 - geri sér grein fyrir afleiðingum aksturs undir áhrifum áfengis og/eða fíkniefna
 - sé meðvitaður um ábyrgð sem fylgir ökuréttindum og akstri
 - fái fræðslu um aðalorsakir umferðarslysa og afleiðingum þeirra

Nemi sé meðvitaður um ábyrgð sem fylgir ökuréttindum.

Nemi viti að bannað er að aka bifreið ef ökumaður er ekki í ástandi til að stjórna henni af öryggi t.d. vegna þess að hann er

- undir áhrifum áfengis, lyfja, ávana- eða fíkniefna
- *veikur eða þreyttur eða* í einhverju öðru ástandi sem gerir akstur óruggan

Nemandi geri sér grein fyrir þeirri hættu sem skapast af akstri undir áhrifum áfengis eða ávana- og fíkniefna og afleiðingum slysa af hans völdum.

Nemi þekki til flokka umferðarslysa og hugsanlegra orsaka og afleiðinga þeirra almennt.

Nemi fái fræðslu um afleiðingar brota á umferðarlögum, um sektarákvæði og refsingar almennt vegna brota á umferðarlögum.

Nemi skal fá fræðslu um:

- punktakerfi og sviptingu ökuréttar samkvæmt þeim
- reglur sem gilda um sviptingu ökuréttinda, sektir, haldlagningu ökutækis, fangelsun vegna ölvunaraksturs eða annan vítaverðan akstur

Nemi viti að glannaakstur, vanþekking á umferðarreglum eða skortur á skilningi sem og tillitsleysi í umferðinni getur leitt til afturköllunar ökuréttinda og vísunar í hæfnispróf.

3.2 Aðrir áhættuþættir í akstri

Markmiðið er að ökumaður

- geti hagað akstri svo ekki skapist hætta af
- skilji þá ábyrgð sem fylgir ökuréttindum og akstri
- geri sér gein fyrir hættu sem skapast við of hröðum akstri
- skilji hættuna sem skapast af notkun snjalltækja við akstur
- skilji hættuna af því að aka bifreið ef hann er ekki í ástandi til að stjórna henni af öryggi t.d. vegna veikinda og þreytu
- átti sig á þeim hættum sem geta skapast við akstur utan þéttbýlis s.s. við framúrakstur, mismunandi veðurskilyrði o.fl.

Nemi átti sig á hvernig viðhorf og hópþrýstingur getur haft áhrif á aksturslag ökumanns og hvaða hópum ökumanna hættir helst til að láta hafa sig út í að taka áhættu í umferðinni.

Neminn viti að mistök ökumanns, svo sem skortur á athygli, rangt mat á hraða og fjarlægð og of hraður akstur miðað við aðstæður auka líkur á því að slys geti orðið.

Nemi sé meðvitaður um að „varnarakstur“ þýðir að vera ávallt viðbúinn því að bregðast við óvæntri hættu.

Nemi kunni að nota öryggis- og verndarbúnað sem bifreið er búin og sé meðvitaður um mikilvægi hans.